

Íslensk mót

Mót innan vébanda BFSÍ skulu fara fram samkvæmt reglum BFSÍ og WA.

Íslandsmót:

Utandyra

Íslandsmeistaramót eru haldin í Júní-Júlí ár hvert. Á því móti er aðeins keppt í Opnum flokki.

Íslandsmót ungmenna utanhúss eru haldin í Júní-Júlí ár hvert. Á því móti er keppt í yngri aldursflokkum (U flokkum).

Íslandsmót öldunga utanhúss eru haldin í Júní-Júlí ár hvert. Á því móti er keppt í eldri aldursflokkum (+ flokkum)

Innandyra

Íslandsmeistaramót innanhúss eru haldin í Febrúar-Mars á hverju ári, almennt viku eftir EM innanhúss. Á því móti er aðeins keppt í Opnum flokki.

Íslandsmót ungmenna innanhúss eru haldin um mánuði á undan Íslandsmóti innanhúss ár hvert. Á því móti er keppt í yngri aldursflokkum (U flokkum).

Íslandsmót öldunga innanhúss eru haldin um mánuði á undan Íslandsmeistaramóti innanhúss ár hvert. Á því móti er keppt í eldri aldursflokkum (+ flokkum)

Taka þarf tillit til erlendrar móta dagskrár WA, WAE og WAN þegar dagsetningar eru valdar fyrir Íslandsmót. Svo að þær dagsetningar stangist sem minnst á við mikilvæg erlend mót og möguleika Íslands að ná árangri á erlendum vettvangi. (t.d má Íslm. ungmenna ekki stangast á við NM ungmenna o.s.frv.)

Stjórn BFSÍ ákvarðar keppnisgjald á mótum BFSÍ.

Önnur mót:

Öllum innan vébanda BFSÍ er heimilt að halda önnur bogfimimót innan BFSÍ svo lengi sem þau fari eftir lögum og reglum BFSÍ og WA. Umsókn um að halda önnur mót skal vera aðgengileg á vefsíðu sambandsins.

Auglýsingar móta:

Íslandsmót skulu auglýst með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara.

Önnur mót skal auglýsa með minnst 20 daga fyrirvara.

Í tilkynningum og auglýsingum um mót skal tekið fram

1. hvar og hvenær mótið fer fram.
2. skráningarfrestur.
3. í hvaða greinum verði keppt.
4. í hvaða aldursflokkum verði keppt.
5. á hvaða fjarlægðum verði keppt.
6. á hvaða skotskífustærðum verði keppt.
7. hvort greiða þarf þátttökugjald, hve hátt gjaldið er og hvernig skal greiða gjaldið.

Aldursflokkar:

Íþróttamönnum má skipta í aldursflokka. Aldur miðast við almanaksár.

Aldursflokkar eru eftirfarandi:

- 50+ - 50 ára á árinu og eldri. (Alþjóðlegt heiti á flokknum er „Master“)

- Opinn flokkur Allur aldur. (Alþjóðlegt heiti á flokknum er „Senior“)
- U21 - 20 ára á árinu og yngri. (Alþjóðlegt heiti á flokknum er „Junior“)
- U18 - 17 ára á árinu og yngri. (Alþjóðlegt heiti á flokknum er „Cadet“)
- U16 - 15 ára á árinu og yngri. (Norðurlanda heiti á flokknum er „Nordic“)

Íþróttamenn mega keppa í hvaða aldursflokki sem passar þeirra aldri.

Mótshöldurum er leyfilegt að hafa aðra aldursflokka á mótum. Flokkarnir sem eru skilgreindir hér fyrir ofan eru þeir flokkar sem veittir eru Íslandsmeistararitlar í og flokkar sem staðfest eru Íslandsmet fyrir.

Ekki má keppa í mörgum aldursflokkum á sama mótinu. En frjálst er að halda mót fyrir valda aldursflokka, t.d. ungmenna mót o.s.v.frv.

Skotskífustærðir og fjarlægðir:

Skotskífustærðir og fjarlægðir aldursflokka fyrir Íslandsmót eru tilgreindar í Íslandsmetaskrá og fara eftir reglum WA. Leyfilegt er að keppa á öðrum fjarlægðum og skotskífustærðum á öðrum mótum.

Hlutgengi keppenda á Íslensk mót:

Aðeins félagsbundnum íþróttamönnum og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda BFSÍ.

Keppnisrétt öðlast íþróttamenn þegar þeir hafa verið skráðir á félagsskrá hluteigandi íþróttafélags í félagakerfi BFSÍ.

Félagakerfi BFSÍ er félagakerfi ÍSÍ einnig kallað FELIX. Þar til BFSÍ hefur sett upp sitt eigið kerfi.

Félagaskipti þarf að tilkynna í gegnum vefsíðu BFSÍ. Félagsmenn skulu vera skuldlausir við félag sem þeir ganga úr. Ef félag svarar ekki tilkynningu frá BFSÍ um félagaskipti innan viku er það staðfesting á því að félagsmaðurinn sé skuldlaus og félagaskiptin eru tekin gild.

Skólanemendur mega keppa fyrir skólafélag sitt án þess að missa keppnisrétt í sínu félagi.

Útlendingi er heimil þátttaka á Íslandsmóti í liðakeppni. En þátttökurétt í útsláttarkeppni um Íslandsmeistararitil á Íslandsmóti í einstaklingsgrein öðlast útlendingur ekki fyrr en eftir a.m.k. 1 árs búsetu hérlendis. Viðkomandi verður að vera í félagi sem er innan BFSÍ. Þetta er í samræmi við lög WA þar sem útlendingi er leyfilegt að keppa fyrir Íslands hönd eftir 1 árs búsetu á Íslandi og leyfi síns landssambands.

Framhaldskeppni:

Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni mega aðeins þeir keppa sem höfðu keppnisrétt þegar keppnin átti að fara fram.

Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

Framkoma og ábyrgs:

- Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.
- Keppandi skal sýna dómurum, liðsstjórum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.
- Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem nafn, aldur, kyn og félag.
- Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu.

- Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni án þess að tilkynna það dómara eða mótshöldurum, þótt hann hafi lögleg forföll.
- Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og bera mótshaldarar því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.